

Fimmtudaginn 12. október 1989.

Nr. 357/1987. A

(Jóhann Þórðarson hdl.)

gegn

Ásmundi Gunnlaugssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

og gagnsök.

Bifhjól. Skaðabótamál. Öroroka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1987. Hann gerir þær dómkröfur, að allar kröfur sínar í héraði verði teknar til greina og gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða 732.924,00 krónur með ársvöxtum svo sem hér segir: 27% frá 25. október 1979 til 1. desember s.á., 31% frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 42% frá þeim degi til 21. september 1983, 35% frá þeim degi til 21. október s.á., 32% frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 17% frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% frá þeim degi til 18. júní s.á. (þ.e. birtingardags stefnu í héraði), með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma við innlánsstofnanir, til greiðsludags. Þá krefst aðaláfrýjandi þess einnig, að á fallnir vextir verði lagðir við höfuðstól kröfunnar um hver áramót, þar til greitt verður, í fyrsta sinn 1. janúar 1988, og vextir dæmdir á þannig upp færðan höfuðstól með vaxtafæti eins og að framan er krafist, og loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1987. Hann krefst þess aðallega, að málinu verði vísað

frá Hæstarétti og héraðsdómi og aðaláfrýjanda gert að greiða sér málskostnað fyrir báðum réttum. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi fyrir Hæstarétti og héraðsdómi. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi þess, að bótakröfur verði stórlækkaðar frá því, sem í héraðsdómi segir.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal endurrit af vitnamáli, sem haldið var á bæjarþingi Kópavogs 8. nóvember 1988 að beiðni gagnáfrýjanda, og úrskurður læknaáráðs 29. júní 1988, þar sem fallist var á örorkumat Björns Önundarsonar læknis frá 20. nóvember 1985.

I.

Gagnáfrýjandi krafðist fyrst frávísunar málsins við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti. Reisir hann kröfu sína á umboðsskorti lögmanns aðaláfrýjanda, þar sem aðaláfrýjandi sé þroskaheftur og hafi ekki haft hæfi til þess að standa að máli þessu. Lögmaður aðaláfrýjanda mótmælti frávísunarkröfunni sem of seint fram kominni, auk þess sem hann hafi haft fullt málflutningsumboð frá aðaláfrýjanda. Aðaláfrýjandi er lögráða, og er ekkert fram komið í málinu, sem bendir til umboðsskorts lögmanns hans. Verður frávísunarkrafan því ekki tekin til greina.

II.

Í héraðsdómi er því lýst, er aðaláfrýjandi varð fyrir bifhjóli gagnáfrýjanda á Hlíðarvegi í Kópavogi 25. október 1979. Engin vitni voru að slysinu. Upplýst er, að bifhjólið var óskráð og engin ábyrgðartrygging hafði verið tekin vegna tjóns af völdum þess. Samkvæmt skýrslu Bifreiðaeftirlits ríkisins, sem dagsett er sama dag og slysið varð, var ekki unnt að skoða stjórnþæki bifhjólans vegna skemmda. Ber gagnáfrýjandi hlutlæga bótaábyrgð á tjóni því, sem aðaláfrýjandi beið vegna slyssins, samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, sem í gildi voru á þessum tíma. Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjandi hafi ekki sýnt nægilega varúð, er hann ók bifhjólinu umrætt sinn.

Upplýst er í máli þessu, að aðaláfrýjandi hefur frá fæðingu haft miðtaugakerfissjúkdóm (Gilles de la Tourette's Syndrome) og að hann var metinn 75% öryrki 25. maí 1978. Upplýsingar sérfræðinga

um andlegan þroska aðaláfrýjanda liggja ekki fyrir í málinu, og hann gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Að sögn móður hans er hann talinn hafa greindarvisitölu tæplega 60, er stautlæs, getur skrifað og reiknað einföldustu dæmi. Samkvæmt framburði foreldra hans og nággranna fór hann varlega í umferðinni og gætti sín vel á bílum. Einnig er upplýst, að hann fór allra sinna ferða í strætisvagni. Þá er þess og að gæta, að aðaláfrýjandi var vanur ferðum pilta á bifhjólum hjá heimili sínu, Hlíðarenda. Fram er komið í málinu, að piltarnir beygðu venjulega upp göngustíg þann, sem liggur frá Hlíðarvegi rétt vestan við Hlíðarenda upp á Digranesbraut, og bar aðaláfrýjandi það fyrir lögreglu, að hann hefði haldið, að gagnáfrýjandi myndi beygja upp stíginn. Það verður því að meta aðaláfrýjanda til gáleysis að stökkva yfir götuna í veg fyrir bifhjólið. Samkvæmt þessu þykir aðaláfrýjandi eiga sök á slysinu að 1/3 hluta. Ber gagnáfrýjanda að bæta tjónið að 2/3 hlutum.

III.

Eins og lýst er í héraðsdómi, hefur Björn Önundarson trygginga- yfirlæknir metið varanlega örorku aðaláfrýjanda af völdum slyssins 20%, og staðfesti lækna ráð það mat, eins og að framan greinir. Er örorkumatíð við það miðað, að í hlut eigi maður með óskerta starfsorku. Í útreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings 21. apríl 1986 metur hann 20% tekjutap aðaláfrýjanda frá slysdegi á 632.924,00 krónur. Að framan er því lýst, að starfsorka aðaláfrýjanda var verulega skert fyrir slysið, og var hann metinn 75% öryrki ári áður en slysið varð. Upplýst er, að aðaláfrýjandi fær örorku- lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins, býr í sambýli fyrir fatlaða, starfar á vernduðum vinnustað, og eru laun hans sáralítil. Þykir, eins og hér stendur á, mega áætla tjón hans vegna örorku og miska í einu lagi samtals 250.000,00 krónur. Ber gagnáfrýjanda að bæta aðaláfrýjanda 2/3 hluta tjónsins, 166.667,00 krónur, ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir, að öðru leyti en því, að upphafstími vaxta reiknast frá 18. júní 1982, en vextir frá fyrri tíma eru fyrndir.

Rétt þykir, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 130.000,00 krónur.

Gagnáfrýjandi, Ásmundur Gunnlaugsson, greiði aðaláfrýjanda, A, 166.667,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 18. júní 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11. maí s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl s.á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 18. júní s.á., með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan til greiðsludags með hæstu innlánsvöxtum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög, nr. 25/1987. Á fallnir vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. janúar 1988.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 130.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 14. desember 1987.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 4. nóvember sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 18. júní 1986, af A [...] gegn Ásmundi Gunnlaugssyni, Viðihvammi 36, Kópavogi, nnr. 0737-0458, til greiðslu á skaðabótum, að fjárhæð 732.924,00 kr., með 27% ársvöxtum frá 25.10.1979 til 1.12. s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11.1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9.1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10.1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1.1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13.8.1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1.1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi

til 1.4. s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu þessarar, en síðan með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu á málskostnaði, þ.m.t. kostnaði vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjónsútreiknings.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi sömu dómkröfur og í stefnu greinir til 1. apríl 1987, en frá þeim degi gerði hann kröfu um 9% ársvexti til 18.6.1986 (þ.e. birtingardags stefnu), með dómvöxtum frá þeim degi til 14. apríl 1987 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma við innlánsstofnanir, til greiðsludags. Þá er og gerð krafa um það, að á fallnir vextir verði lagðir við höfuðstól kröfunnar um hver áramót, þar til greitt verður, í fyrsta sinn 1. janúar 1988, og vextir dæmdir á þannig upp færðan höfuðstól með vaxtafæti eins og að framan er krafist.

Að lokum er gerð krafa um það, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, þ.m.t. kostnað vegna læknisvottorða, örorkumats og örorkutjónsútreiknings.

Stefndi krefst aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur ríflegur málskostnaður, en til vara, að bóta-krafan verði stórlega lækkuð.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

Málavextir eru þeir, að 25. október 1979 kl. 17.07 var tilkynnt til lögreglunnar í Kópavogi um umferðarslys á Hlíðarvegi við Hlíðarenda, Seldal. Þarna hafði stefnandi orðið fyrir númerslausu bifhjóli af Yamaha-gerð, sem stefndi ók, og slasast á fæti.

Samkvæmt lögregluskýrslu var yfirborð vegarins, þar sem slysið varð, malarborið, en blautt. Er slysið varð, var dagsbirta, en skýjað.

Bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði hjólið. Í skýrslu hans kemur fram, að hjólið hafi verið óskráð skv. spjaldskrá bifreiðaeftirlitsins. Hjólbarðar þess hafi verið mjög grófmynstraðir (takkamynstur). Eigi hafi verið hægt að skoða stjórnþæki bifhjólsins vegna skemmda.

Lögregla tók skýrslu af stefnanda á Landspítalanum í Reykjavík 8. nóvember 1979. Einnig tók lögregla skýrslu af stefnda og D, móður stefnanda.

Verður nú rakið það, sem fram kemur í skýrslum þessum.

Stefnandi skýrði svo frá, að umrætt sinn hefði hann staðið rétt vestan við gangstíg, sem liggur frá Hlíðarvegi og að Digranesvegi. Hefði hann þá séð, hvar mótorhjól kom á mikilli ferð vestur Hlíðarveg, og hefði því verið ekið á miðjum vegi. Sér hefði fundist eins og ökumaður hjólsins ætlaði að beygja upp göngustíg þann, er hann stóð við, og hefði hann því ætlað að forða sér yfir götuna til þess að verða ekki fyrir. Hefði hann þá ekki vitað fyrr til en hjólið lenti á sér og hann kastaðist út fyrir veginn

Stefndi skýrði svo frá, að umrætt sinn hefði hann verið að koma úr

„sandgryfjunum“ við Fifuhvamm og á leið heim. Hann hefði ætlað að aka um götuslóða, sem liggi frá Hlíðarvegi og upp á Digranesveg, en slóði þessi komi á Hlíðarveg rétt vestan við Hlíðarenda. Þegar hann hefði verið nýkominn úr beygjuni innst á Hlíðarveginum, hefði hann séð gangandi vegfaranda fyrir neðan húsið á Hlíðarenda og hægt þá ferðina og sveigt yfir á vinstri helming vegarins. Hann hefði séð, að maður þessi leit í áttina til sín, og talið víst, að hann hefði séð sig. Þegar hann hefði svo verið kominn alveg á móts við manninn, hefði hann stokkið skyndilega í veg fyrir hjólið. Þetta hefði gerst svo snögg, að hann hefði ekki haft ráðrúm til að hemla, en þó getað sveigt alveg út í vinstri kant vegarins, en þar hefði maður þessi lent fyrir hjólinu.

Um leið og slysið varð, hefði hann misst vald á hjólinu með þeim afleiðingum, að hann hefði fallið við og skolið á hnakkann.

Hjól þetta hefði hann keypt í Bandaríkjunum, þar sem hann hefði verið við nám, og flutt það með sér heim. Aldrei hefði hjólið verið skráð né keypt á það ábyrgðartrygging.

D, móðir stefnanda, hefur skýrt svo frá, að umrætt sinn hafi hún verið heima og stefnandi nýfarinn út. Skyndilega hafi bróðir sinn komið inn og sagt sér, að stefnandi hefði orðið fyrir slysi. Hún hafi hlaupið strax út og séð þá, hvar sonur sinn lá utan vegar, og strax séð, að eitthvað var að öðrum fæti hans. Hann hafi sagt henni sjálfur, að líklega væri fóturinn brotinn. Þegar hún hafi komið út, hafi ökumaður hjólsins verið að færa það frá staðnum og út fyrir veginn. Hann hafi sagst hafa ætlað vestur Hlíðarveg, en ekki beygja upp göngustíginn að Álfrólsvogi.

Stefnandi gaf ekki skýrslu fyrir dómi. Hins vegar kom fyrir dóm Kristján Sigmundsson, forstöðumaður sambýlis fyrir þroskahefta í Vallargerði 26, Kópavogi, en þar dvelst stefnandi. Gerði hann grein fyrir ástandi stefnanda og þeirri ákvörðun, að hann kæmi ekki fyrir dóm. Lýsti hann þeirri skoðun sinni, að stefnandi gæti ekki flutt mál sitt svo, að marktækt væri.

Hann skýrði frá því, að stefnandi þreyttist áberandi vegna þess, að annar fótur hans er styttri eftir slysið, og að hann þyrfti sérsníðnaða skó. Hann gæti því ekki tekið þátt í íþróttum, sem hann hefði þó mikinn hug á. Stefnandi sé félagi í Öskju, íþróttafélagi fatlaðra, og hafi hann oft á haustin ætlað að taka þátt í því, sem þar er boðið upp á í frjálsum íþróttum og knattleikjum, en orðið að gefast upp og það dottið upp fyrir.

Einnig sé áberandi, að í kulda fái stefnandi verki í fótinn.

Hann kvað stefnanda bæði vera ratvisan, öruggan og gætinn í umferðinni.

Stefndi gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði efnislega frá á sama veg og hjá lögreglu. Hann skýrði svo frá m.a. orðrét: „Ég kem þarna á mjög lítilli ferð, og drengurinn horfir á mig og á hjólið. Og ég varð þess fullviss, að

hann væri búinn að sjá mig. Og svo, þegar ég á bara nokkra metra eftir ófarna að honum, tekur hann bara blátt strík fyrir (sic) og meira að segja hann horfði á mig á meðan.“ Einnig hafi sér eftir á að hyggja fundist eins og stefnandi hefði ætlað að gera einhverja glennu með því að stökkva fyrir eða láta sig beygja eða eitthvað slíkt. Ekkert hefði gerst, hefði stefnandi staðið kyrr.

Valdimar Sörensen, Seldal við Hlíðarveg, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði aldrei orðið var við annað en stefnandi væri mjög varfærinn, þegar hann færi yfir götuna, þ.e. Hlíðarveg.

E, faðir stefnanda, skýrði frá því fyrir dómi, að stefnandi fengi alla framfærslu sína frá Tryggingastofnun ríkisins. En kostnaður hans eftir þetta slys hefði aukist. Væri það kostnaður vegna þess, að hann þyrfti sérsmíðaða skó, og vegna þess, að kannski notaði hann meira strætisvagna en ella. Hann kvað stefnanda hafa verið mjög aðgætinn í umferðinni, kvað hann hafa hegðað sér betur í umferðinni en sig sjálfan og jafnaldra sína.

Í sama streng tók móðir stefnanda við skýrslutöku fyrir dómi. Hún gerði einnig grein fyrir því, að stefnandi þyrfti hækkun undir skó hægri fótar og að Tryggingastofnun greiddi 70% af verði tveggja skópara á ári. Aðra skó þyrfti hann að greiða að fullu.

Foreldrar stefnanda greindu og frá því, hversu það, að annar fótur hans var styttri, hamlaði honum í íþróttaiðkunum, sem hann hefði mikinn áhuga á. Einnig fengi hann verki í fótinn, sérstaklega sækti kuldi í hann. Þá gæti hann nú ekki gengið jafnmikið og áður.

Björn Önundarson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumati læknisins, sem dagsett er 20. nóvember 1985, eru rakin læknisvottorð þau, er fyrir liggja, og eru þau tekin upp orðrétt í matinu.

Verður hér tekin upp orðrétt niðurstaða greindra vottorða:

1) Vottorð, undirritað af Braga Guðmundssyni bæklunarlækni, dags. 31.10.1980:

„Niðurstaða:

Sjúkl. hlýtur brot á mótum efri og neðri þriðjungs femur 25.10.'79. Brotið er þess eðlis, að gera verður að því með aðgerð, og er hún framkvæmd 29.10.'79. Post op.-gangur eðlilegur í fyrstu, en síðan kemur upp í legu lömum í nervus fibularis, sem gengur hægt til baka, en er ekki með öllu horfin við skoðun 7.7.'80. Drengurinn hefur fengið styttingu, sem mælist 2 cm og er að mestu leyti functionel, og einnig nokkra útrota á hægri ganglim. Þetta hindrar hann í göngu að hluta, og hefur hann fengið viðeigandi hækkun undir skó. Frekari aðgerðir eru ekki fyrirhugaðar. Kontról að ári.“

2) Vottorð, dags. 5.1.1981, undirritað af Hauki Þórðarsyni, yfirlækni á Reykjalundi.

„Niðurstæða:

Undirritaður telur varanleg ummerki eftir slysið vera annars vegar ofangreinda styttingu hægri ganglims og hins vegar ofangreinda skerðingu á innrotationsferli hægri mjaðmar. Að líkum mun ummál vöðva ganglima verða jafnt með tímanum.“

3) Vottorð Braga Guðmundssonar bæklunarlæknis, dagsett 13. ágúst 1985.

„Niðurstæða:

Hér verður brot á mótum mið- og efri þriðjungs femur hinn 25.10.1979. Gerð er aðgerð 29.10.1979 og brotið fest með Kuntscher-mergnagla, og fæst anatomiskur situr. Í legunni fær sjúkl. lömum á n.peroneus, sem smám saman gengur fullkomlega til baka. Resorbition verður á brotendum, svo að um 4ra cm stytting er orðin, þegar brotið er tryggilega gróið. Þetta veldur einnig útrotatio um 20 og þar af leiðandi skertri innrotatio um 15. Adductio einnig minnkuð um 5. Væg vöðvarýrnum, bæði í læri og kálfa. Sjúkl. hefur því minna úthald og minni kraft í hæ. ganglim, og gönguþol hans er nokkuð skert vegna útrotationar, og einnig þarf hann stöðugt á hækkun að halda undir skó. Ástand þetta helst varanlegt og gæti síðar á ævinni stuðlað að slitbreytingum, bæði í mjöðm og hné, fyrr en ella væri.“

Í örorkumati Björns Önundarsonar segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

— — —

„Þar sem svo langt er um liðið, frá því að áður nefnt slys varð, þykir nú eðlilegt að meta þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss. Þykir örorkan hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í átta mánuði .	100%.
Eftir það í fjóra mánuði	75%.
Varanleg örorka	20%.“

Á grundvelli framangreinds örorkumats hefur Guðjón Hansen tryggingafræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Í útreikningi þessum, sem dagsettur er 21. apríl 1986, segir m.a. svo:

„A er sagður fæddur 1961 og hefur samkvæmt því verið 18 ára gamall, er hann varð fyrir fyrrgreindu slysi. Í örorkumatsgerðinni kemur fram, að fyrir slysið hafði hann mjög skerta starfsorku. Hann gat þó stund að snúningastörf, en getur það naumast lengur að sögn læknisins.

— — —

Miðað við þann tekjugrundvöll, sem hér hefur verið lýst, og tekjutap

í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 12 mánuði. kr. 47.494,00

Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma. kr. 362.648,00

Samtals kr. 410.142,00

Þegar litið er á vinnutekjur A árið 1979, virðist ljóst, að áðurnefndur fyrirvari um, að hið reiknaða tekjutap skuli á engu tímabili fara fram úr þeim vinnutekjum, sem ætla má, að slasaði hefði haft, ef hann hefði ekki orðið fyrir slysinu, hefur a.m.k. í för með sér lækkun á hinu tímabundna tekjutapi. Sé tekjutap áætlað 20% af tekjugrundvellingum þegar frá slysdegi, lækkar verðmæti tapaðra vinnutekna úr 410.142,00 kr. í 373.066,00 krónur.

Þótt slys þetta kunnir að leiða til taps lífeyrissjóðsréttinda, er óvíst, hver áhrif þess verða á lífeyrissréttindi A í heild, og hef ég því ekki reiknað slíkt tap til fjár.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlífendatöflum íslenskra karla 1976-1980. Vextir eru reiknaðir þannig, að frá slysdegi til útreikningsdags 21/4 1986 er reiknað með almennum sparissjóðsvöxtum, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma (frá 1. mars 1986 er reiknað með almennum sparissjóðsvöxtum Landsbanka Íslands), en síðan er reiknað með 6% ársvöxtum til frambúðar.

Með almennum sparissjóðsvöxtum er að sjálfsögðu átt við, að reiknað er með vöxtum og vaxtavöxtum (vöxtum er bætt við höfuðstól á 12 mánaða fresti). Til samanburðar skal þess getið, að sé reiknað með einföldum vöxtum frá slysdegi til útreikningsdags, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema 670.000,00 kr. (í stað 410.142,00), þar af 47.494,00 kr. vegna tímabundins orkutaps. Sé reiknað með 20% tekjutapi frá slysdegi, verður verðmætið 632.924,00 kr. í stað 373.066,00 kr.“

Kröfur stefnanda í máli þessu eru reistar á því, að stefndi beri ótvírætt ábyrgð á öllu tjóni af völdum notkunar bifhjólsins, enda liggi ekki fyrir, að stefndi hafi verið með ábyrgðartryggingu vegna tjóns af völdum notkunar á umræddu bifhjóli. Því beri stefndi fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af völdum slyssins. Kröfum sínum til stuðnings skírskotar hann til 67. og 69. gr. laga nr. 40/1968 svo og 2., 11. og 70. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að framferði hans hafi á nokkurn hátt verið slíkt, að efni séu til að meta honum til sakar.

Stefndi styður sýknukröfu sína svo og varakröfuna um, að bótakrafan verði lækkuð verulega, þeim rökum, að stefnandi hafi ári áður en slys það varð, sem hann reisir kröfu sína á, verið úrskurðaður 75% öryrki, og því

hafi umrætt slys ekki haft aukna örorku í för með sér og málshöfðun þessi því ástæðulaus.

Varakröfuna reisir stefndi á því, að stefnandi hafi með hinu vítaverða tómlæti um rétt sinn komið í veg fyrir, að málsatvik verði upplýst sjö árum eftir atvikið. Bæði hljóti menn að hafa gleymt atviki þessu og eins hitt, að ekki næst lengur til þess fólks, sem hefði getað upplýst málið, sumt af því sé flutt af landi brott, eins og t.d. Bragi Þór Bragason, sem bjó rétt hjá stefnanda, en er nú alfarinn af landinu. Þá sé hitt, að stefnandi hafi með annarlegri hegðun sinni átt þátt í, hvernig til tókst, með því að stökkva út á veg, þegar mótórhjól nálgadist.

Lögregla gerði uppdrátt af vettvangi. Við yfirheyrslur fyrir dómi kom fram, að inn á uppdráttinn vantar götuslóða, er liggur frá Hlíðarvegi upp á Digranesveg vestan við húsið á Hlíðarenda. Bar öllum vitnum og stefnda saman um tilvist slóðans og legu. En upp þennan stíg hugðist stefndi aka umrætt sinn.

Á uppdrættinum, sem aðrar athugasemdir hafa ekki verið gerðar við, er stefnandi sýndur liggjandi við vinstri brún vegar. Frá honum eru „skrensför“ á vinstri vegarhelmingi.

Niðurstaða.

Engin vitni voru að slysinu. Verður því við framburð stefnanda og stefnda að styðjast.

Stefndi veitti stefnanda athygli fyrir slysið, svo sem að framan er rakið. Honum bar því að gæta ýtrustu varúðar í akstri sínum, er hann nálgadist hann. Þar eð hann þykir eigi hafa gætt þessarar varúðar nægilega og þar sem ekki er heldur í ljós leitt, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, þótt stefndi hefði sýnt af sér fulla aðgæslu í akstri sínum, verður að telja, að stefndi hafi að nokkru leyti orðið valdur að umræddu slysi.

Á hinn bóginn þykir ljóst, að stefnandi eigi meginsök á nefndu slysi með því gáleysislega atferli sínu að hlaupa yfir götuna í veg fyrir hjólið, sem hann hafði áður veitt athygli.

Að því athuguðu, er að framan er rakið, þykir stefndi eiga sök að slysinu að 1/4 hluta. Verður því stefnandi að bera tjón sitt að 3/4 hlutum sjálfur.

Samkvæmt 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga, nr. 40/1968, er ljóst, að stefndi, Ásmundur Gunnlaugsson, ber sem eigandi og ökumaður bifhjólans fébótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins að því marki, sem afleiðingar þess verða virtar honum til sakar. En eins og áður er getið, hafði stefndi ekki keypt ábyrgðartryggingu fyrir hjólið.

Verður nú tekin afstaða til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón	kr. 632.924,00
2. Miskabætur	kr. 100.000,00

Um 1. Fjárhæð þessa kröfuliðar er byggð á örorkumati Björns Önundarsonar tryggingalæknis, sem áður er rakið, svo og örorkutjónsútreikningi Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Af hálfu stefnda hefur þessari fjárhæð ekki verið mótmælt tölulega, heldur krafist sýknu af kröfum um greiðslu hennar og til vara verulegrar lækkunar hennar, svo sem að framan greinir.

Í örorkumati Björns Önundarsonar segir orðrétt: „Hér skal tekið fram, að slasaði er öryrki af allt öðrum sökum, og kemur það þessu örorkumati ekki við.“ Í örorkumati Björns Önundarsonar er því skýrt kveðið úr um, að mat það, sem liggur fyrir í máli þessu, sé óháð annarri örorku stefnanda. Á það verður því eigi fallist, að það, að stefnandi var 75% öryrki fyrir, geri það að verkum, að umrætt slys hafi ekki aukna örorku í för með sér. Þykir því verða að leggja örorkumat Björns Önundarsonar til grundvallar við úrlausn málsins, þar sem því hefur ekki verið hnekk.

Verður því við ákvörðun bóta í máli þessu miðað við útreikning tryggingafræðingsins, að fjárhæð 632.924,00 kr.

Samkvæmt þessu og með tilliti til annarra þeirra gagna, er fyrir liggja í málinu, svo og með hliðsjón af öðrum atriðum, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þykja þær hæfilega ákveðnar 400.000,00 krónur.

Um 2. Af hálfu stefnda hefur verið krafist sýknu eða verulegrar lækkunar bótakröfunnar, þ.m.t. þessa liðar, svo sem að framan greinir. En eigi hefur hann sætt tölulegum andmælum.

Hér að framan hefur verið lýst áverka þeim, er stefnandi hlaut við slysið. Einnig hefur sjúkrasaga hans verið rakin. Samkvæmt því þykir mega taka fjárhæð liðar þessa til greina óbreytta.

Vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið andmælt, og verður hún því tekin til greina.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefnda, Ásmundi Gunnlaugssyni, verður gert að greiða stefnanda 1/4 hluta af 500.000,00 kr. (400.000 + 100.000), þ.e. 125.000,00 kr., með 27% ársvöxtum frá 25.10.1979 til 1.12. s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11.1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9.1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10.1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., með 21,5 % ársvöxtum frá þeim degi til 21.1.1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13.8.1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1.1985,

með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 18.6.1986, með dómvöxtum frá þeim degi til 14.4.1987 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma við innlánsstofnanir, til greiðsludags. Á fallnir vextir leggist við höfuðstól kröfunnar um hver áramót, þar til greitt verður, í fyrsta sinn 1. janúar 1988, og vextir dæmdir á þannig upp færðan höfuðstól með vaxtafæti eins og að framan er krafist.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 130.000,00 krónur.

Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan, en dómsuppkvaðning hefur tafist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ásmundur Gunnlaugsson, greiði stefnanda, A, 125.000,00 kr. með 27% ársvöxtum frá 25.10.1979 til 1.12. s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6.1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1.11.1982, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 21.9.1983, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10.1983, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. s.á., með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1.1984, með 15% ársvöxtum frá þeim degi til 13.8.1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1.1.1985, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 11.5. s.á., með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.3.1986, með 12% ársvöxtum frá þeim degi til 1.4. s.á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 18.6.1986, með dómvöxtum frá þeim degi til 14.4.1987 og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma við innlánsstofnanir, til greiðsludags. Á fallnir vextir leggist við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, þar til greitt verður, í fyrsta sinn 1. janúar 1988. Stefndi greiði stefnanda 130.000,00 kr. í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.